

Fundargerð stjórnar byggðasamlags UTU – 96. fundur haldinn á Laugarvatni 09. nóvember 2022 og hófst hann kl. 08:00

Fundinn sátu:

Nanna Jónsdóttir, Björn Kristinn Pálmarsson, Helgi Kjartansson, Jón Bjarnason, Walter Fannar Kristjánsson, Haraldur Þór Jónsson og Jóhannes Hr. Símonarson framkvæmdastjóri.

Fundargerð ritaði: Jóhannes Hr. Símonarson

Haraldur Þór Jónsson stjórnarformaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og bað framkvæmdastjóra að hefja framsögu samkvæmt útsendri dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun UTU bs. fyrir árið 2023

Önnur umræða um fjárhagsáætlun embættisins fyrir árið 2023. Framkvæmdastjóri fór yfir drög áætlunarinnar og kynnti helstu forsendur hennar. Mikil óvissa er með áætlaða launaþróun þar sem núverandi kjarasamningur renna út 31. mars 2023 en í áætluninni er horft til leiðbeininga frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga varðandi spá um launaþróun. Þar spáir Hagstofan 5,5% hækkun launa á árinu 2023, Íslandsbanki spáir 6,9% hækkun og Landsbankinn 6,8% hækkun. Ef tekið er meðaltal af þessum tölum er spáð 6,4% hækkun launavísitölu á árinu 2023 og er sú tala notuð í fjárhagsáætlun UTU bs. 2023 varðandi þróun launakostnaðar embættisins.

Sértekjur embættisins eru áætlaðar 18,0 mkr. á árinu 2023 sem er hækkun um 7,0 mkr. frá fyrra ári. Er þar horft til nýrra tekna embættisins af afgreiðslugjaldi skipulagsmála sem kom inn sem sérstakur liður í nýrri gjaldskrá embættisins fyrir þjónustu skipulagsfulltrúa þann 1. sept. 2021. Niðurstaða ársins á sértekjum embættisins ræðst af fjölda skipulagsmála sem koma inn fyrir skipulagsnefndina (afgreiðslugjald) og fjölda lóðamála og annarra skipulagsmála sem klárast endanlega í ferli hverju sinni.

Stjórn UTU bs. staðfestir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun UTU bs. 2023 með þeirri breytingu að áætlunin geri ráð fyrir 5,0 mkr. í árlegar fjárfestingar. Ætlunin er að embættið endurnýji einn vinnubíl árlega en embættið rekur nú fjóra bíla.

Fjárhagsáætlun 2023 gerir þar með ráð fyrir að rekstrarkostnaður embættisins 2023 hækki um 9,1% á milli ára og verði um 208,9 mkr., þar af deili aðildarsveitarfélögin með sér framlögum að upphæð 190,9 mkr. sem er mismunur á áætluðum rekstrarkostnaði og sértekjum embættisins. Á móti framlögum aðildarsveitarfélaganna til embættisins koma tekjur af byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöldum sem UTU bs. innheimtir fyrir aðildarsveitarfélögin.

2. Húsnæðismál UTU bs.

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar, kynnti núverandi stöðu á fyrirhuguðu húsnæði fyrir embættið að Hverabraut 6 sem sveitarfélagið hyggst byggja. Sveitarfélagið bauð verkið út skv. útboðsgögnum í byrjun október og voru tilboðin opnuð þann 24. október. Alls bárust 3 tilboð sem öll voru talsvert yfir kostnaðaráætlun. Sveitarfélagið vinnur nú að yfirferð tilboðanna en ákvörðun um framhaldið hefur ekki verið tekin af sveitarstjórn.

Stjórn UTU bs. ræddi mögulegt leiguverð embættisins í nýju húsnæði. Gengið er út frá því að fá aðstoð þriðja aðila, t.d. KPMG, til að finna út sanngjarnt leiguverð á fermeter þegar þar að kemur, líkt og almennt er gert varðandi útleigu á húsnæði í eigu sveitarfélaga.

3. Önnur mál

Framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir stöðu starfsmannamála hjá embættinu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 09:00

Undirritunarsíða

meðstjórnandi
Helgi Kjartansson



Undirritað af:
Helgi Kjartansson
0211715499
Dags: 10.11.2022
Tími: 14:49:27
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6f4db9e9-
7669-4358-9b65-
2b191ce7cd06

varaformaður
Björn Kristinn Pálmarsson



Undirritað af:
Björn Kristinn
Pálmarsson
0112824239
Dags: 10.11.2022
Tími: 13:52:42
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6f4db9e9-
7669-4358-9b65-
2b191ce7cd06

meðstjórnandi
Walter Fannar Kristjánsson



Undirritað af:
Walter Fannar
Kristjánsson
0609892229
Dags: 10.11.2022
Tími: 14:08:54
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6f4db9e9-
7669-4358-9b65-
2b191ce7cd06

meðstjórnandi
Jón Bjarnason



Undirritað af:
Jón Bjarnason
2501932629
Dags: 11.11.2022
Tími: 09:41:42
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6f4db9e9-
7669-4358-9b65-
2b191ce7cd06

stjórnarformaður
Haraldur Þór Jónsson



Undirritað af:
Haraldur Þór Jónsson
2705765089
Dags: 10.11.2022
Tími: 13:53:20
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6f4db9e9-
7669-4358-9b65-
2b191ce7cd06

meðstjórnandi
Nanna Jónsdóttir



Undirritað af:
Nanna Jónsdóttir
0406803069
Dags: 10.11.2022
Tími: 16:16:18
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6f4db9e9-
7669-4358-9b65-
2b191ce7cd06

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.

Skýr.	Rauntölur 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Þriggja ára áætlun		
				Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026
Rekstrarreikningur						
Tekjur:						
Framlög aðildarsveitarfélaga.....	151.824	174.957	190.915	200.461	210.484	221.008
Seld þjónusta.....	20.567	11.000	18.000	18.900	19.845	20.837
	172.391	185.957	208.915	219.361	230.329	241.845
Gjöld:						
Laun og launatengd gjöld.....	130.142	133.027	154.072	161.776	169.864	178.358
Annar rekstrarkostnaður.....	39.818	47.872	49.950	52.448	55.070	57.823
Afskriftir.....	2.826	2.826	2.951	3.037	3.537	4.037
	172.786	183.725	206.973	217.260	228.471	240.218
Niðurstaða án fjármagnsliða (395)	2.232	1.942	2.101	1.857	1.627
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):						
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur.....	395	268	433	219	221	224
Rekstrarniðurstaða.....	0	2.500	2.375	2.320	2.078	1.851

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.

Skýr.	Rauntölur 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Þriggja ára áætlun		
				Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026
Efnahagsreikningur						
Eignir						
Fastafjármunir:						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Áhökl og tæki	9.418	9.092	11.141	13.104	14.567	15.530
Fastafjármunir	9.418	9.092	11.141	13.104	14.567	15.530
Veltufjármunir:						
Skammtímaskuldur:						
Óinnheimtar tekjur	8.552	8.552	8.552	8.552	8.552	8.552
Aðrar skammtímaskuldur	852	852	852	852	852	852
Handbært fé.....	40.681	43.507	43.833	44.190	44.805	45.694
Veltufjármunir	50.085	52.911	53.237	53.594	54.209	55.098
Eignir samtals	59.503	62.003	64.378	66.698	68.776	70.627

31. desember

Eigið fé og skuldir

Eiginfjárreikningar:						
Eigið fé.....	0	2.500	4.875	7.195	9.273	11.124
Skammtímaskuldir:						
Aðrar skammtímaskuldir.....	59.503	59.503	59.503	59.503	59.503	59.503
	59.503	59.503	59.503	59.503	59.503	59.503
Skuldir og skuldbindingar samtals	59.503	59.503	59.503	59.503	59.503	59.503
Eigið fé og skuldir samtals	59.503	62.003	64.378	66.698	68.776	70.627

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.

Skýr.	Rauntölur 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Þriggja ára áætlun		
				Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026
Sjóðstremisýfirlit						
Rekstrarhreyfingar:						
Niðurstaða ársins.....	0	2.500	2.375	2.320	2.078	1.851
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir	2.826	2.826	2.951	3.037	3.537	4.037
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	152	0	0	0	0	0
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	2.978	5.326	5.326	5.357	5.616	5.888
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:						
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun)	(5.249)	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	(17.122)	0	0	0	0	0
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	(22.371)	0	0	0	0	0
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	(19.393)	5.326	5.326	5.357	5.616	5.888
Fjárfestingarhreyfingar:						
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	0 (2.500) (5.000)	(5.000) (5.000)	(5.000) (5.000)	(5.000) (5.000)	(5.000) (5.000)	(5.000)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	120	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	120 (2.500) (5.000)	(5.000) (5.000)	(5.000) (5.000)	(5.000) (5.000)	(5.000) (5.000)	(5.000)
Fjármögnunarhreyfingar:						
Afborganir langtímalána.....	(1.261)	0	0	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar	(1.261)	0	0	0	0	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(20.534)	2.826	326	357	616	888
Handbært fé (fjárþörf) í ársbyrjun	61.215	40.681	43.507	43.833	44.190	44.805
Handbært fé (fjárþörf) í árslok	40.681	43.507	43.833	44.190	44.805	45.694